

Minnisblað um skattlagningu ferðapjónustu

Frá og með næstu áramótum verður lagður 14% virðisaukaskatt á fólksflutninga og gistipjónustu og var sú ákvörðun lögfest í desember 1992. Jafnhliða verður tryggingagjald á ferðapjónustu lækkað úr 6% í 2,5%.

Þessi breikkun á virðisaukaskattstofninum var talin skila ríkissjóði um 550 m.kr. á heilu ári, en endurskoðun á þeirri áætlun bendir til að sú fjárhæð verði heldur lægri, eða nær 500 m.kr. Á móti vegur lækkun tryggingagjalds, samtals um 250 m.kr. Auk þess er talið að hinar almennu ráðstafanir, þ.e. afnám aðstöðugjalds og lækkun tekjuskatts, hafi bætt stöðu þessara greina um allt að 300 m.kr.

Innanlandsflug. Fyrri spár gerðu ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af álagningu 14% VSK á innanlandsflug yrðu 140 m.kr. á heilu ári. Þetta er sú fjárhæð sem einstaklingar og aðrir aðilar sem bera skattinn greiða að frádregnum þeim innskatti sem flugfélögin hafa borið af aðföngum innanlandsflugsins. Þetta mat hefur verið endurskoðað, meðal annars í ljósi spár um áframhaldandi veltusamdrátt á næsta ári og er niðurstaðan sú að skattstofninn verði heldur lægri en áður var talið. Þannig virðist heildarvelta innanlandsflugsins vera kringum 1.500-1.600 m.kr. króna, eða 200-300 m.kr. lægri en áætlað hafði verið. Talið er að einstaklingar og óskattskyldir aðilar eigi um þrjá fjórðu hluta veltunnar. Samkvæmt því er eiginlegur skattstofn ríkissjóðs um 1.150 m.kr. Á móti vegur að hlutfall aðfanga af heildarveltu innanlandsflugs virðist heldur lægra en reiknað hafði verið með. Auk þess liggur nú fyrir sú tillaga að ekki verði innheimtur virðisaukaskattur af flugferðum innanlands sem beinlínis eru tengdar utanlandsferðum. Á grundvelli þessara breyttu forsendna má reikna með að tekjur ríkissjóðs af þessari skattlagningu verði heldur minni en gert hefur verið ráð fyrir, eða nær 100 m.kr.

Lækkun tryggingagjalds er talin lækka útgjöld flugrekstrar um 85 m.kr.. Þar af er hlutur innanlands 20-25 m.kr.

Aðrir fólksflutningar. Áætlað er að 14% virðisaukaskattur á aðra fólksflutninga skili ríkissjóði um 150-170 m.kr, nettó á ári. Þar af er hlutur almenningssamgangna um helmingur (SVR 45-50 m.kr.) Í þessari áætlun er miðað við að skatturinn verði lagður á opinbera rekstrarstyrki til þess að samkeppnisstaða aðila á einkamarkaði og opinberra aðila í þessum rekstri raskist ekki. Þetta byggir á þeirri meginreglu virðisaukaskattslaganna að jafnræði skuli ríkja milli aðila í sambærilegri starfsemi. Þannig ber opinberum aðilum að skila virðisaukaskatti af eigin starfsemi sé hún í samkeppni við svipaða starfsemi á einkamarkaði. Má þar nefna áhaldahús sveitarfélaga. Ljóst er að undanþága rekstrarstyrkja eða endurgreiðsla VSK af þeim þætti myndi skapa ójafnræði milli aðila í þessum rekstri.

Gisting. Upplýsingar um veltu gististaða, þar með talið bændagistingu, eru af skornum skammti, en talið er að hún nemi 3-3½ milljarði króna á ári. Gert er að ráð fyrir að

nettótekjur ríkissjóðs af 14% VSK á gistiþjónustu verði um 250 m.kr. á ári. Þá hefur verið tekið tillit til þess að aðilum í virðisaukaskattskyldum rekstri er heimilaður innskattsfrádráttur vegna kaupa á gistingu.